

Námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema á Hugvísindasviði (26. maí 2016)

Að loknum kynningum og almennum umræðum var þátttakendum skipt í fernt (5-6 í hópi).

Spurningar til umræðu í hópum:

- A. Hverjir eru mikilvægustu þættir eða áskoranir í leiðsögn doktorsnema á mismunandi stigum námsins?
- B. Hvers konar stuðning þarf nýr leiðbeinandi?
- C. Hvers konar stuðning þarf reyndari leiðbeinandi?
- D. Í hvaða formi ætti slíkur stuðningur að vera?

Umræður snerust mest um spurningu A og viðbrögð við spurningum B-D eru flokkuð saman. Hér á eftir er listi yfir það helsta sem kom fram í kynningum, flokkað á annan hátt en spurningarnar fjórar.

- A. Doktorsnemar þurfa almennt að vera betur undirbúnir undir doktorsnám en þeir eru.
 1. Umsóknir um doktorsnám ættu að líkjast umsóknum um rannsóknastyrki. (Ath.: Með því móti er verið að flytja hluta þess sem nú tilheyrir doktorsnáminu út úr doktorsnáminu.)
 2. Á MA-stigi mætti bjóða upp á námskeið við gerð umsókna og þá m.a. umsókna um doktorsnám.
 3. Á að taka nemendur sem eru ekki með góðan grunn í efninu strax eða gera kröfu um að þeir styrki grunninn áður en þeir eru teknir inn?
 4. Það mætti gera kröfur til doktorsnema um tungumálakunnáttu, bæði til íslensku og tungumála sem tengjast doktorsrannsókn.
- B. Vinna leiðbeinenda með doktorsnemum.
 1. Leiðbeinendur þurfa að gera sér grein fyrir að leiðbeining er alltaf einstaklingsbundin.
 2. Leiðbeinendur eiga bara að taka að sér nemendur ef þeir eru hæfir til þess. Þetta þarf líka að skoða í samhengi við möguleika á styrkjum.
 3. Setja upp doktorsnámsþing sem er formlegt og flott (sem endar í veislu með „léttum veitingum“).
 4. Málstofur fyrir doktorsnema (svið, deild, grein?) – sem þeir gætu skipulagt sjálfir. Einingar?
 5. Lesa greinar og ræða skipulega með nemendum. Leiðsögn doktorsnema ætti að vera hluti af endurmenntun kennara.
 6. Aðstoða doktorsnema við að tengjast erlendum fræðimönnum og hópum.
 7. Hvatning er mikilvægur hluti leiðbeiningar.
- C. Skipulag og umsýsla doktorsnáms.
 1. Þarf að styrkja uppbyggingu námsins.
 2. Hafa föst viðmið í námsáætlunum, m.a. um aðkomu doktorsnefnda.
 3. Samskipti við „kerfið“ þurfa að vera ljósari.
 4. Doktorsnemar ættu að verja drög að ritgerð eða rannsóknaráætlun. Gæti verið opinber vörn við lok fyrsta árs.
 5. Leiðbeinendur þurfa að vinna skv. því að námið taki 3 (eða 4) ár. Reyndir leiðbeinendur þurfa að læra að námið er hugsað sem þriggja ára nám.
 6. Gott að hafa eyðublöð og gott umsýslukerfi (t.d. í Uglu) væri mikill kostur.
 7. Spurning hvort leiðbeinendur eigi að finna til ábyrgðar gagnvart fjárhag nemenda á meðan þeir eru í námi? Fjárhagsstaðan er hins vegar alvarlegt mál.
- D. Samvinna leiðbeinenda.
 1. Leiðbeining doktorsnema á ekki að vera einyrkjastarf.
 2. Leiðbeinendur ættu að hittast óformlega.
 3. Mentorkerfi fyrir nýja leiðbeinendur væri kostur.